

10. *Samninganefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin semur við starfsmenn sveitarfélagsins um kaup og kjör.
11. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
12. *Fulltrúi í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs*. Einn aðalmaður í stjórn og annar til vara á móti Dalvíkurbyggð, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Fulltrúi í byggingarnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 12. desember 2001 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
14. *Heilbrigðisnefnd Norðurlandskjördæmis eystra*. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn til vara, Akureyrarbær tvo aðalmenn og tvo til vara, Húsavíkurbær skipar einn aðalmann og einn til vara og héraðsnefnd Þingeyinga einn aðalmann og einn til vara, alls fimm aðalmenn og fimm til vara.
15. *Fulltrúi í héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
16. *Fulltrúi á aðalfund Eyþings*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
17. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
18. *Fulltrúi á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
20. Sveitarstjórn fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUR

**fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar,
Grímsnes- og Grafningshreppa.**

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa er skipuð 2 fulltrúum frá Bláskógabyggð, 2 fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi, 1 fulltrúa frá Þingvallanefnd og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun. Fulltrúar Þingvallanefndar og Skipulagsstofnunar hafa full réttindi annarra nefndarmanna fyrir utan atkvæðisrétt.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag fyrir umrædd

sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulagsins fer skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga.

5. gr.

Samvinnunefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. desember árið 2002. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júní 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.**

1. gr.

Í stað: „14 cm“ í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi: 13 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi .

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.